

Leigjendur sem fá greidda fjárhagsaðstoð geta sótt um ábyrgðaryfirlýsingu frá Kjósarhreppi. Það sama gildir í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hefur til langs tíma glímt við umfangsmikinn húsnæðisvanda, mikla félagslega erfiðleika og verið í þjónustu velferðarsviðs Mosfellsbæjar (Kjósarhrepps). Ábyrgðaryfirlýsingin felur í sér að Kjósarhreppur ábyrgist greiðslu tryggingar fyrir því að leigjandi standi við skyldur sínar samkvæmt þinglýstum húsaleigusamningi.

Ábyrgðaryfirlýsing Kjósarhrepps

Heimilt er að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu að hámarki 600.000 kr. til þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan. Það sama gildir í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hefur til langs tíma glímt við umfangsmikinn húsnæðisvanda, mikla félagslega erfiðleika og verið í þjónustu velferðarsviðs Mosfellsbæjar. Umsækjandi skal leggja fram staðfestingu á því að eiga ekki möguleika á fyrirgreiðslu í banka, hjá Leiguvernd eða sambærilegum aðilum. Staðfesting þess efnis skal liggja fyrir. Húsaleigusamningur til að minnsta kosti sex mánaða þarf að liggja fyrir og hann skráður í leiguskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Verði gengið að ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt reglum þessum skal greiða þá upphæð sem um ræðir samkvæmt umsókn beint til leigusala og krefja umsækjanda um greiðslu ábyrgðar. Heimilt er að breyta kröfu um endurgreiðslu umsækjanda í lán. Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili.“

Samþykkt í sveitarstjórn 3. 12.2025